

Samantekt um starfsemi Punktsins haust 2018 og vorönn 2019.

Punkturinn opnaði um miðjan sept. eftir sumarlokun og var starfsemin hefðbundin, ráðnir voru stundakennarar fyrir fullorðins og barnnámskeiðin okkar, útbúnir bæklingar í alla grunnskóla, auglýsingar útbúnar til að birta í dagskránni, kynningar í skólum skipulagðar og annað sem til féll.

20. sept. var opið hús „Rósenborgardagur“ sem tókst afskaplega vel og var ágætlega sóttur af bæjarbúum. Hver hæð sá um kynningu á sínu starfi, boðið var upp á kókó og kleins, tónlistaratriði, brjóstsykursgerð, leikir og fl. skemmtilegt. Þar kynntum við vetrardagskrá Punktsins, kennarar námskeiða voru á staðnum og kynntu námskeiðin sín og fl. skemmtilegt var í boði.

Ákveðið var í framhaldi að hafa Rósenborgardag að árlegum viðburði.

Mjög mikil vinna fór í að skipuleggja og útfæra tómsstundanámskeið barna en það tókst vel og voru bæði börnin og foreldrar afskaplega ánægð með fjölbreytt úrval og vönduð námskeið.

Kappkostað er að ráða metnaðarfulla og hugmyndaríka kennara til kennslu.

Alls sinntum við 424 börnum á vorönn 2019 og var fjöldinn svipaðaður á haustönn 2018.

Á haustönn 2018 var boðið uppá eftirfarandi námskeið :

Múmíur og myrkraverk, Órói úr leir, Grímugerð/veggverk, Kveiktu á perunni, Brjóstsykursgerð, Tálgun, Verkstæði jólasveinsins og Zumba.

Á vorönn 2019 var boðið uppá eftirfarandi námskeið :

Óbyggðirnar kalla, Flottar fígúrir, Það er leikur að leira, Tilraunir og tækni, Brjóstsykursgerð, Litir og línuteikningar og Framandi furðuverur.

Aðsókn að Punktinum hefur verið mjög góð og þá áberandi mesta aðsóknin að leirstofu. Námskeiðúrvalið á Punktinum hefur sjaldan verið fjölbreyttara og voru á bilinu 25 - 30 námskeið í boði hvora önn.

Þetta var það þétt dagskrá suma daga að stundum þurfti mikla útsjónarsemi til að koma öllum námskeiðunum að í stofunum okkar.

Starfsendurhæfingin var hjá okkur í þjónustu eins og undanfarin ár og gekk það mjög vel.

Eins var þó nokkur þjónusta við Virkið.

Síðasti opni dagurinn á Punktinum fyrir notendur var 24. maí, þá var farið í frágang og að losa ofnahrbergið sem á að skrapa upp og mála í sumar, þar er mikill raki í veggjum og lofti og starfsfólk hefur fundið til óþæginda í augum og öndunarfarum þar inni.

Ein 50 % staða losnar hjá okkur í haust og verður hún auglýst í lok júlí.

Starfsfólk kemur aftur til starfa mánudaginn 2. sept.

Opnum fyrir almenning mánudaginn 16. sept.

Halla Birgisdóttir

Umsjónarmaður Punktsins.